



Að eiga frjálst val um framhaldsskóla: Markaðsvæðing innritunar nýnema í íslenskum framhaldsskólum

Magnús Þorkelsson og Gunnlaugur Magnússon

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Árið 1998 tók Menntamálaráðuneytið ákvörðun um að framhaldsskólanám ætti að verða „einn námsmarkaður“ í landinu öllu. Þar með var vikið frá fyrri stefnu um hverfaskiptingu framhaldsskólanna. Tilgangur breytingarinnar var að gera nýnemum kleift að velja sér hvaða skóla sem væri og var talið að brotthvarf myndi minnka og metnaður bæði í námi og kennslu aukast þegar nemendur yrðu innritaðir á grundvelli einkunna úr grunnskóla. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna afleiðingar upptöku markaðsfyrirkomulags á skólavali fyrir nýnema í framhaldsskólum og voru settar fram þrjár rannsóknarspurningar: 1) Hver hafa áhrif markaðsvæðingar innritunarferlisins verið? 2) Hvaða munur kemur fram milli nemendahópa og milli skóla í umsóknarferlinu við innritun í framhaldsskóla? og loks 3) Hvernig má skilja niðurstöðurnar í ljósi hugmynda um félagslegt réttlæti? Aðferðafræði rannsóknarinnar er greining á tölfræðigögnum frá Innu og innritunargögnum frá Flensborgarskólanum. Gögnin frá Innu sýna heila árganga og mynstur í umsóknum um framhaldsskóla eftir tíunda bekk. Innritunargögnin úr Flensborg voru kóðuð svo hægt væri að fylgja eftir einstaklingum í gegnum kerfið en engum persónugreinanlegum upplýsingum var safnað. Niðurstöðurnar sýna að ákveðinn hópur framhaldsskóla hefur sterka stöðu á skólamarkaðnum þar sem þeir hljóta stóran hluta umsókna frá nemendum með háar einkunnir. Það þýðir að sumir skólar eiga þann kost að velja til inntöku nemendur sem styrkir síðan aftur samkeppnisstöðu þeirra. Samtímis sýna gögn Flensborgarskólans að aðrir skólar eru í lakari samkeppnisstöðu og þurfa að taka inn stærra hluta nemenda með lægri einkunnir og flóknari þarfir fyrir stuðning. Ályktun höfunda er að ábyrgðin á námi framhaldsskólanemenda hafi að hluta verið færð frá hinu opinbera yfir á val nemendanna. Einnig er bent á að þótt stjórnvöld geti sagt að stór hluti nemenda (95%) fái annaðhvort fyrsta eða annað val sitt, þá sé ýmislegt sem bendi til að nemendur velji skóla mjög ígrundað út frá möguleikum um innritun.

Efnisorð: framhaldsskólar, markaðsvæðing, skólavali, félagslegt réttlæti, dreifstýring

Inngangur

Árið 1998 ákvað Menntamálaráðuneytið að breyta reglum um innritun í framhaldsskóla þannig að landið skyldi vera „einn námsmarkaður“. Tilgangurinn með breytingunni var að gefa öllum nýnemum kost á að velja sér hvaða framhaldsskóla sem er á landsvísi og áhersla lögð á að nemendur hefðu valið í sínum höndum (Menntamálaráðuneytið, 1998, 2001). Þetta fyrirkomulag kom í stað hverfaskiptingar sem hafði verið við lýði fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu en þá var hverjum skóla gert að veita nemendum úr tilteknum hverfum forgang við innritun. Rökin fyrir breytingunni voru að hún myndi leiða til betri þjónustu í framhaldsskólakerfinu (Menntamálaráðuneytið, 1998) og ákvörðuninni skyldi fylgt eftir með eftirlitskerfi.

Tímabært er að kanna hver áhrif þessarar kerfisbreytingar hafa verið, ekki síst til að leggja fram efni í frekari umræðu og stefnumörkun um þróun framhaldsskólans í framtíðinni. Rannsóknin sem hér er kynnt beinir athyglinni að innleiðingu skólavals til framhaldsskólanáms á landsvísu, og varpar ljósi á hvernig framhaldsskólanemendur velja sér skóla. Ýmsar rannsóknir erlendis frá benda til að skólaval ýti undir og styrki óréttlátt skólakerfi (Fjellman et al., 2019); Lubienski, 2009; Lundahl o.fl., 2013) þrátt fyrir að almenn rök fyrir innleiðingu skólavals séu að það muni jafna rétt ungmenna til menntunar og stuðla að félagslegu réttlæti. Einnig benda ýmsar innlendar rannsóknir til þess að aðskilnaður milli nemendahópa hafi aukist á Íslandi (Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir o.fl., 2020; Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022).

Markmið þessarar rannsóknar er því að kanna afleiðingar upptöku markaðsfyrirkomulags á skólavali fyrir nýnema í framhaldsskólum.

Á þessum grunni voru settar fram þrjár rannsóknarspurningar:

1. Hver hafa áhrif markaðsvæðingar innritunarferlisins verið?
2. Hvaða munur kemur fram milli nemendahópa og milli skóla í umsóknarferlinu við innritun í framhaldsskóla?
3. Hvernig má skilja niðurstöðurnar í ljósi hugmynda um félagslegt réttlæti?

Námi í framhaldsskóla getur lokið með stúdentsprófi og burtfararprófi sem veitir starfsréttindi en líka með annars konar lokaprófum (t.d. af starfsbrautum, listnámsbrautum og íþróttabrautum). Þótt til sé margs konar nám á framhaldsskólastigi fjallar þessi grein einungis um innritun á námsbrautir til stúdentsprófs.

Bakgrunnur

Fyrsti formlegi og heildstæði lagarammi framhaldsskólanáms á Íslandi var settur árið 1988 (lög um framhaldsskóla nr. 57/1988). Þau lög hafa verið endurskoðuð tvívegis sem heildarlöggjöf (lög um framhaldsskóla nr. 80/1996; lög um framhaldsskóla nr. 92/2008), auk breytinga á orðalagi milli lagasetninga. Í 32. grein núgildandi laga (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008) segir: „Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.“ Þar að auki segir: „Þeir sem rétt eiga á að hefja nám í framhaldsskóla [...] eiga jafnframt rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.“ Þetta er kallað fræðsluskylda en munur er á skólaskylda og fræðsluskylda. Skólaskylda er sú skylda sem á hvert barn er lögð (og foreldrarnir bera ábyrgð á að framkvæma) að nemendurskuli sækja skóla frá sex ára aldri til sextán ára (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Fræðsluskylda er á hinn bóginn skylda skólanna gagnvart nemendum og fjölskyldum þeirra. Nemandi sem ekki er orðinn 18 ára en er í vandræðum með nám sitt hefur því þann rétt að skólinn reyni að finna úrræði sem að gagni geta komið fyrir nemandann (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; þingskjal nr. 268/2007). Því gildir skólaskylda ekki um framhaldsskólanám en skólarnir hafa engu að síður fræðsluskylda gagnvart nemendum sínum.

Innritunarferli framhaldsskólanna


Umsóknarferlið til framhaldsskólavistar fer í gegnum netlægan hugbúnað, svokallaða Menntagátt sem þar til nýlega var í umsjón Menntamálastofnunar (Menntamálastofnun, 2020a). Öll innritunargögn eru geymd í Innu, gagnavef sem er sniðinn að þörfum framhaldsskóla. Inna er í eigu og rekstri einkafyrirtækisins Advania en auk framhaldsskólanna er Mennta- og barnamálaráðuneytið stærsti viðskiptavinir kerfisins. Skólarnir og ráðuneytið eiga upplýsingarnar en Menntamálastofnun hafði þar til nýlega hlutverk og skyldur hvað varðaði eftirlit með innritun í framhaldsskóla. Nú hefur Menntamálastofnun verið lögð niður og ekki er ljóst eins og er hvert hlutverk nýrrar stofnunar mun verða hvað þessi mál varðar í framtíðinni (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023).

Nemendur, sem sækja um nám strax að loknu grunnskólanámi, fylla út umsókn í gegnum Menntagáttina. Með þessari einu umsókn er sótt um tvo skóla, með annan sem fyrsta val og hinn sem annað val. Einnig sækja nemendur um tvær brautir í hvorum skóla. Í einstaka skólum eru sett sérstök inntökuskilyrði sem eru til þess fallin að einfalda innritunarferlið þar sem ekki þarf að skoða umsóknir þeirra sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Einnig má hafna umsóknum án frekari röksemda ef fleiri umsóknir berast en plássin sem eru í boði. Vegna þessa má segja að vali hluta heildarhóps nýnema á framhaldsskólastigi sé takmörk sett fyrir fram hvað varðar vissa skóla (Menntamálastofnun, 2020a).

Þegar hætt er að taka við umsóknum fær hver skóli skrá yfir þá nemendur sem sóttu um í viðkomandi skóla sem fyrsta og annað val. Ferlið eins og því er lýst á vef Menntamálastofnunar má sjá á *Mynd 1*.

Mynd 1

Innritunarferli nýnema



Skólarnir skila þessum skráum aftur til Innu sem flokkar þá hópinn eftir forgangsörð hvers skóla. Þannig verður hluti hópsins innritaður í þann skóla sem valinn var sem fyrsta val meðan annar hluti hópsins fær inngöngu í skólann sem valinn var sem annað val. Reynslan sýnir að ríflega 95% af öllum hópnum fá annaðhvort fyrsta val sitt eða annað og því þarf ekki að handraða nema innan við fimm prósentum þeirra sem sóttu um. Stefnt er á að allir umsækjendur fái jákvætt svar frá öðrum hvorum skólanum sem þeir sóttu um, eða eitt tilboð um innritun berist til hvers nemanda. Sumir fá þó ekkert tilboð og er þá beitt handvirkri vinnslu til að finna þeim stað, en nemendur sem þarf að handraða í lokin fara sjaldan í skóla sem þeir völdu. Að öllu jöfnu eru um og yfir 4000 nemendur í árgangi en um 100 umsækjendum þarf að handraða á ári. Oftast eru þetta nemendur með slakan námsárangur eða mikla námserfiðleika. Nemendur sem sækja um pláss á starfsbraut fara hins vegar í sérstakt ferli. Af ofangreindum sökum geta stjórnvöld haldið því fram að yfir 95% umsækjenda hafi fengið það sem þeir völdu sér (Menntamálastofnun, 2020b, 2021). Þó er ástæða til að kanna hvað liggja að baki þeirri staðreynd að um 95% umsækjenda um framhaldsskóla fá inni í skóla sem þeir sjálfir völdu og skoða sérstaklega hvaða nemendahópar lenda í öðrum skólum (Magnús Þorkelsson, 2012).

Markaðsvæðing skóla og skólakerfa

Ýmsar alþjóðlegar stofnanir sem Ísland er í samstarfi við hafa lagt áherslu á það hlutverk menntunar að styðja við lýðræðið, vera tæki til að viðhalda samfélagslegum gæðum og efla félagslegt réttlæti (Evrópuráðið, e.d.; OECD, e.d.; Schraad-Tischler, 2011; SP, 2020, 2023). Víðast hvar á Vesturlöndum er lögð áhersla á að tryggja menntun fyrir alla (Menntamálaráðuneytið. (1995). og menntun hefur ekki síst verið álitin birtingarmynd félagslegs réttlætis á Norðurlöndunum (Blossing o.fl., 2014; Dovemark o.fl., 2018). Þannig hefur menntun lengi verið álitin samfélagslegt hagsmunamál og best komin í rekstri opinberra aðila eins og ríkis eða sveitarfélaga (Englund og Bergh, 2020).

Á síðari hluta tuttugustu aldar fór að bera á gagnrýni um að hlutverk hins opinbera væri of umfangsmikið (Daun, 2007). Fyrir vikið var vegferð markaðsvæðingar álitin lýðræðisumbót.

Innleiðing markaðsvæðingar hefur þó gengið mislangt milli landa, en snemma á níunda áratug 20. aldar náðu þessar hugmyndir sterkri fötfestu í Bretlandi þegar breski Íhaldsflokkurinn, undir forystu Margaret Thatcher, hóf að einkavæða og útvista opinberri þjónustu. Seinna hvatti innleiðing „þriðju vegferðarinnar“ eins og stefna Tony Blair í Englandi var kölluð, til mikilla breytinga í hugmyndafræði jafnaðarflokka víða í Evrópu, samfara framsókn nýfjálfhyggju þar sem litið var á markaðsvæðingu og einkavæðingu sem verkfæri til umbóta (Daun, 1996). Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða markaðsvæðingu sem hluta af hugmyndafræðilegri og pólitískri þróun á alþjóðavettvangi (Lindblad og Popkewitz, 2004; Plank og Sykes, 2003; Sahlberg, 2016). Þó eru slíkar hugmyndir yfirleitt aðlagðar að hverju samfélagi fyrir sig (Daun, 1996; Rizvi, 2000) en iðulega er hægt að rekja orðræðu markaðarins og rökfærslu til alþjóðlegra hugmynda sem fengnar eru að láni eða fluttar inn (Steiner-Khamsi, 2004; Waldow, 2009). Í þessari grein verður sjónum beint að þremur þáttum markaðsvæðingar sem varðað geta þróun framhaldsskólans á Íslandi; *afnám miðstýringar* (e. decentralization), *einkavæðingu* (e. privatization), og *innleiðingu skólavals* (e. school choice).

Afnám miðstýringar hefur verið algengt verkfæri í menntaumbótum í fjölda landa og víða hafa rökin fyrir dreifstýringu verið að þetta séu lýðræðisumbætur í verki (Bray, 1999; Daun, 1996, 2007). Hér er þá fyrst og fremst vísað til þess að vald og þar með einnig ábyrgð og ákvarðanataka séu flutt nær þeim sem framkvæma og nota þjónustuna sem um ræðir (Lundahl, 2010; Nordin, 2014). Í skólakerfinu má sjá dreifstýringu á mörgum sviðum en á Íslandi var líklega skýrasta og stærsta dæmið tilfærslan á grunnskólakerfinu frá ríki til sveitarfélaga á tíunda áratug síðustu aldar. Dreifstýring er oft notuð sem verkfæri til að endurskilgreina hlutverk og samband hins opinbera við almenning og oft fer einkavæðing að einhverju leyti fram samtímis dreifstýringu.

Algengt er að hugtakið markaðsvæðing (e. marketization) sé álitid samheiti hugtaksins *einkavæðing* (e. privatization), en svo þarf ekki að vera þótt þau fari iðulega saman. Einkavæðing felur oftast í sér að opinber rekstur er færður til einkaaðila og notendum þjónustunnar gert að greiða fyrir hana að hluta eða að fullu. Einnig er algengt að opnað sé fyrir þátttöku einkaaðila í samkeppni við opinbera aðila á sama markaði, jafnvel fjármagnaðri með opinberu fé að hluta eða til fulls (Daun, 1996; Levin, 2001). Víðast á Norðurlöndunum eru einkareknir skólar reknir til fulls fyrir opinbert fé og engin eða lág skólagjöld lögð á nemendur. Það er hins vegar misjafnt hvort hagnaðarrektur einkaaðila sé leyfður við einkavæðingu og einkarektur getur tekið á sig ólík form. Þannig geta einkareknir skólar starfað sem sjálfstæðar einingar, reknir af hugsjón eða hugmyndafræði. Þeir geta einnig verið hluti af hagnaðarrektu fjárfestingafélagi sem getur átt fjölda skóla (Gunnlaugur Magnússon, 2015, 2020).

Sumir fræðingar (t.d. Apple, 2004; Ball, 2009; Ball og Vincent, 1998) beita breiðari skilningi á hugtakið einkavæðingu og vilja meina að ábyrgðin á menntuninni sé einkavædd. Hugmyndinni um markaðsvæðingu menntunar fylgir gjarnan að skólum sé gert að keppa um nemendur með það að markmiði að bæta árangur og auka hagkvæmni í notkun fjármuna (Daun, 1996; Labaree, 2010; Levin, 2001). Samkeppnin um nemendur sem litið er á sem viðskiptavini og fjármunina sem þeim fylgja ýtir síðan undir að litið sé á menntun sem neysluvöru eða þjónustu sem verslað er með á markaði samkvæmt óskum einstaklingsins og/eða foreldranna frekar en að menntun sé álitin samfélagslegt verkefni sem ríkisborgarar framtíðarinnar taki þátt í, sjálfum sér og samfélaginu til góðs (Gunnlaugur Magnússon, 2015; Henig, 1994; Kornhall & Bender, 2018; Menntamálastofnun, 2018; Skolverket, 2021). Hins vegar verður samkeppnishugmyndafræðin líka til þess að almennt verði samþykkt að skólar flokkist í „góða“ og „slaka“ skóla og að á markaðnum muni sumir nemendur „sigra“ og aðrir „tapa“ (Labaree, 2010). Það er svo engin tilviljun að þeir skólar sem falla í fyrri flokkinn séu með sterkari tengingu við gildi menntaðrar, hvítrar, efri miðstéttar og að skólarnir sem séu álitnir slæmir séu oftast með nemendur af erlendum uppruna, eigi síður foreldri sem hafi menntun eða háar tekjur og séu oftast með þörf fyrir sérstakan stuðning (og fyrir vikið dýrari). Skólarnir verða fyrir vikið einsleitari hvað varðar þá nemendur sem þeir sinna og ólíkari hver öðrum (Lubienski, 2009; Plank og Sykes, 2003).

Stuðningsmenn einkavæðingar og *skólavals* vilja meina að jafnrétti til menntunar felist í að veita öllum nemendum sams konar möguleika til að ná árangri. Þeir líta svo á að hlutverk hins frjálsa markaðar sé að skapa og tryggja jafnrétti, hagkvæmni og árangur gegnum skynsamlegt val einstaklinganna

og frjálsa samkeppni þjónustuaðila (sjá t.d. Henig, 1994; Whitty o.fl., 1998). Gagnrýnendur markaðsvæðingarinnar hafa hins vegar bent á að þó allir skólar standi fræðilega séð öllum nemendum til boða þá þýði það ekki að skólar eða nemendur standi jafnfætis í samkeppninni (Plank og Sykes, 2003). Til dæmis má nefna mun á samkeppnisstöðu milli áfangaskóla og bekkjarskóla, bóklegs náms og iðnnáms, stórra skóla og lítilla, sem og skóla í stórum byggðarkjörnum eða litlum. Nemendur eru einnig misjafnlega staddir námslega og með misgóðar heimilisáðstæður sem þýðir að þeir keppa um plássin í framhaldsskólunum á mismunandi grundvelli.

Hér má nefna að félagslegur og stéttarbakgrunnur nemenda hefur einna sterkust áhrif á skólagöngu þeirra og að mikill munur sé þess vegna milli nemenda frá auðugum og/eða vel menntuðum heimilum og nemendum sem koma frá heimilum sem búa við lakari afkomu, litla námslega hvatningu, litla menntun foreldra, svo ekki sé minnst á atriði sem tengjast þjóðerni, tungumálavanda, jaðarsettum hópum og jafnvel landfræðilegri stöðu (Ball, 1990, 2012; Nietzsche, 2016; Tomlinson, 2012). Hér getur því skólavalið orðið til þess að endurskapa og jafnvel auka mismun milli samfélagshópa, þar sem valkostir fólks takmarkast af stéttarstöðu foreldra (Apple, 2004; Ball, 1993, 2009). Sumir skólar yrðu með tímanum yfirhlaðnir af „dýrum“ nemendum og undirfjármagnaðir á sama tíma (Ball, 1993) sem myndi svo hafa neikvæð áhrif á orðstír skólanna sem fyrir vikið ættu erfiðara með að lokka til sín nemendur sem og vel menntað og fært starfsfólk (Ball og Vincent, 1998; Fjellman o.fl., 2019; Lubinski, 2009; Lundahl o.fl., 2013). Samtímis fær fólk af öðrum þjóðarbakgrunni, trúarbrögðum eða nemendur sem koma úr lágstéttum ekki eins greiða leið inn í „fínni“ skóla (Denessen o.fl., 2005; Fjellman o.fl., 2019; Sikkink og Emerson, 2008).

Fjöldi rannsókna erlendis hefur sýnt fram á að stéttarstaða foreldra (tekjur og menntun) hefur mikil áhrif á framgang og velgengni nemenda í menntakerfinu. Velgengni nemenda á skólagöngu sinni hefur aftur á móti langvarandi áhrif á líf þeirra og framtíð, bæði hvað varðar atvinnutækifæri, launastöðu, heilsu og félagslegt net (Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2018). Það er því áhyggjuefni að aðskilnaður milli samfélagshópa bæði endurspeglast í menntakerfinu og eykst í fjölda landa (OECD, 2023). Lengi hefur verið haldið fram að íslenskt samfélag hafi ekki sams konar stéttaskiptingu og önnur lönd, en nýlegar rannsóknir sýna þó að aðskilnaður milli samfélagshópa er bæði til staðar og fer vaxandi í bæði grunnskólum og framhaldsskólum hérlendis (Ásgerður Bergsdóttir & Berglind Rós Magnúsdóttir, 2018; Berglind Rós Magnúsdóttir et al., 2020; Kolbeinn H. Stefánsson & Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Innlendar rannsóknir benda með öðrum orðum í sömu átt og hliðstæðar rannsóknir erlendis sem gefa til kynna að markaðsvæðing menntakerfa hafi aukið aðskilnað milli samfélagshópa.

Aðferðir

Eins og greinir frá í inngangi er markmið þessarar rannsóknar að kanna afleiðingar upptöku markaðsfyrirkomulags á skólavali fyrir verðandi nýnema í framhaldsskólum. Til þess að ná þessu markmiði hefur rannsóknin verið hönnuð sem samanburðarrannsókn á opinberum tölfræðigögnum. Annars vegar var gögnum safnað úr Innu. Leitað var að hrágögnum og tölfræðilegum yfirlitum en öll gögnin eru án persónugreinanlegra upplýsinga. Gögnin innibera m.a. upplýsingar um val nemenda um skóla, bæði fyrsta og annað val, dreifingu umsókna á einstaka skóla (fyrsta og annað val), inntöku í einstaka skóla (samkvæmt fyrsta eða öðru vali), aðstöðumun misstórra skóla og einkunnir úr grunnskóla og dreifingu þeirra (með hliðsjón af fyrsta eða öðru vali).

Hins vegar eru gögn frá einum framhaldsskóla, þ.e. Flensborgarskólanum í Hafnarfirði, notuð til að sýna nánar fram á afleiðingar markaðsfyrirkomulagsins og innleiðingu skólavalsins í eins konar tilviksrannsókn (e. case study), sem sýnir mynstur meðal nemenda sem ekki eru sýnileg í gögnunum á landsvísu. Í Flensborg er tekið á móti nemendum sem raðast á breitt einkunnabil og fær skólinn allnokkuð af umsóknum frá utanbæjarfólki. Skólinn þjónar fyrir vikið mjög fjölbreyttum hópi nemenda og er stefna hans að vera öllum opin. Í skólanum eru jafnan um 700 nemendur. Allar brautir skólans eru bóknámsbrautir til stúdentsprófs, ef frá er talin starfsbraut fyrir nemendur með fótun, þar sem skráðir nemendur eru á þriðja tuginn að öllu jöfnu. Loks býður Flensborg upp á

úrræði fyrir flóttafólk og aðra sem stuðning þurfa. Af þessum sökum var Flensborg hentugt dæmi um hvernig frjálsa valið hefur áhrif á mismunandi nemendahópa.

Um gögnin

Úr Innu fengust gögn um hópa nemenda (nýnema, útskrifaða, brottfallna o.s.frv.) og einnig um árganga á landsvísu, í talnasöfnum sem ekki eru persónurekjanleg. Það er hægt að greina þau niður á skóla og þau ná yfir löng tímabil en hér er einblínt á síðustu tuttugu árin, ekki síst vegna þess að gögnin eru sett fram á samræmdan hátt á því tímabili og því sambærileg. Framsetning gagnanna er sýnd sem lýsandi tölfraði á heilu þýði, fyrir vikið er ekki þörf á flóknari útreikningum eða greiningum fyrir þessa rannsókn og allar tölur sem hér birtast eru rauntölur um heildarþýði (sams konar aðferðafræði má sjá hjá Gunnlaugi Magnússyni, 2015).

Gögnin úr Innu eru hreinar talnaskrár. Þau eru lifandi gögn sem lýsa stöðunni daginn sem þau eru sótt eða á öðrum völdum degi. Þannig er hægt að kalla fram allar samtölur skólakerfisins, sem og fjöldatölur og samantektir. Einnig geta efstu stjórnendur hvers skóla nálgast gögn úr Innu en þau hafa aðgang að öllu sem er geymt og safnað í Innu fyrir sinn skóla. Aðrir starfsmenn hafa aðgang að því sem tengist þeirra vinnu (umsjónarkennari að umsjónarnemendum sínum, fagkennari að þeim nemendum sem eru í tímum hjá viðkomandi kennara; nemandi að sínum gögnum). Teknar voru tölur um innritun framhaldsskóla úr Innu fyrir vorin 2014 og 2021. Þessar tvær tímasetningar voru valdar vegna þess að árið 2014 var núverandi verklag tekið upp og árið 2021 seinasta árið sem við höfðum gögn um þegar þessi rannsókn var í vinnslu.

Höfundum var einnig veittur aðgangur að innritunargögnum Flensborgarskólans frá vorinu 2020. Þau voru ekki persónurekjanleg en þar mátti sjá skólana sem nemendur höfðu sótt um á hverri umsókn fyrir sig sem og brautirnar sem þeir höfðu sótt um í hvorum skóla. Einnig fylgdu lokaekunnir hvers nemanda úr grunnskóla, hvernig Flensborg valdi út þá nemendur sem skólinn vildi taka inn sem og brautirnar sem nýnemar völdu. Þessar tölur lýsa einnig heildarþýði umsækjenda sem völdu Flensborg annaðhvort í fyrsta eða öðru vali. Fyrir vikið eru þessar tölur einnig meðhöndlaðar sem rauntölur og niðurstöðurnar settar fram sem lýsandi tölfraði.

Einkunnir úr grunnskóla og námserfiðleikar

Á Íslandi gilda lög um framhaldsskóla þar sem kveðið er á um að bjóða eigi öllum nemendum nám við hæfi (2. gr.) sem og rétt allra til skólavistar (32. gr.). Þetta er síðan ítrekað í aðalnámskrá (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Það þýðir hins vegar ekki að allir fái það sem þeir helst óska. Til dæmis er leyfilegt að gera greinarmun á nemendum, sérstaklega í ljósi árangurs þeirra á fyrri námsstigum. Einkunnir og einkunnastigar skipta máli við inntöku nemenda í framhaldsskóla þar sem skólar geta valið nemendur á grundvelli einkunna úr grunnskóla. Hætt var að nota samræmd próf sem viðmiðunartæki í innritunarferli framhaldsskóla árið 2008 en það þýðir að einkunnir úr grunnskóla eru gefnar af kennurum án þess að ytra mat eða miðstýrt eftirlit komi til.

Fyrir utan þá miklu breytingu sem fólst í innleiðingu frjáls skólavals á landsvísu frá árinu 2001, varð önnur ekki síður áhrifamikil breyting þegar einkunnastiginn 1–10 var lagður niður eftir að innritun lauk vorið 2014. Við tók einkunnastiginn A, B+, B, C+, C, D. Ljóst er að bókstafakerfið er erfitt þegar bera þarf saman meðaleinkunnir umsækjenda fyrir þá skóla sem fá fleiri umsóknir en pláss. Því bjuggu stjórnvöld til aðferð til að umrita kerfið yfir í stigakerfi sem lítur svona út:

- A = 4
- B+ = 3,75
- B = 3
- C+ = 2,75
- C = 2
- D = 1

Til viðbótar við þessar einkunnir eru stjórnumerktar einkunnir sem gefa til kynna að nemandi sé ekki metinn á sama kvarða og aðrir heldur gangist undir námsmat sem er lagað að fötlun eða sérstökum þörfum og jafnvel einstaklingsbundið (Menntamálastofnun, e.d.). Afkoma þessa hóps er verulegt rannsóknarefni, en fellur utan við markmið þessarar rannsóknar þar sem ekki er stundað eiginlegt nám til stúdentsprófs nema hjá hluta hópsins. Hér má þó benda á að þjónustustig viðtökuskóla skiptir miklu og að ekki eru allir framhaldsskólar með starfsbrautir. Fyrir vikið safnast þessir nemendur í ákveðna skól

Þessi umreikningur einfaldar innritunarferlisvinnu stóru og vinsælu skólanna sem sumir hverjir taka við minna en helmingi þeirra sem sóttu um – en hér kemur að einum þætti málsins. Á hverju sumri er tilkynnt um lok innritunar þess árs og tölur hvers skóla ((Menntamálastofnun, 2020b, 2021)) og eru listar jafnvel birtir í fjölmiðlum (Jón Þór Stefánsson, 2019).

Niðurstöður

Niðurstöðurnar eru kynntar í tveimur hlutum. Í fyrri hlutanum verða teknar fyrir niðurstöður um afgreiðslu umsókna nýnema í framhaldsskóla árin 2014 og 2021 á landsvísu. Þannig verður dregið fram hversu ólíkir skólarnir eru að stærð og staðsetningu sem og hve misjafnlega þeim vegnar í samkeppni um nemendur. Í seinni hluta kaflans verða gögn frá Flensborg greind sérstaklega til að sýna hvernig nemendahópur eins framhaldsskóla mótast og verður til sem afleiðing af skólavalskerfinu.

Umsóknir nemenda um skólavist 2014 og 2021, landið allt

Hér eru kynntar niðurstöður um umsóknir og innritun nýnema í framhaldsskóla landsins árin 2014 og 2021. Þær tölur sem hér er unnið með eru hrágögn frá Innu unnin fyrir innritun skólanna sem sýna hvernig nemendur völdu. *Tafla 1* sýnir innritunartölur 2014 og 2021, bæði rauntölur og hlutfallstölur.

Tafla 1

Afgreiðsla umsókna vorin 2014 og 2021


Fjölda- og hlutfallstölur	Innritunartölur 2014	Innritunartölur 2021	Hlutföll 2014	Hlutföll 2021
Umsóknir alls	4110	4214		
Fyrsta val samþykkt	3559	3582	87%	85%
Annað val samþykkt	472	485	11,5%	11,5%
Alls samþykkt	4031	4067	98,1%	96,5%
Handraðað	79	147	1,9%	3,5%
Alls samþykktir	4110	4214		

Tafla 1 sýnir fjölda nemenda í þeim hópum sem völdu framhaldsskóla og hvernig val þeirra kom út hvort árið fyrir sig, 2014 og 2021. Hlutfallstölur innritunarferla þessara tveggja ára má einnig sjá í töflunni og þær sýna að lítill munur er á milli þeirra, 85% til 87% nemenda fær inn í þeim skóla sem sótt var um sem fyrsta val meðan 11,5% fengu inni í skóla sem sótt var um sem annað val. Að hluta má útskýra þennan stöðugleika með því að markaðurinn hafi ekki breyst mikið, nemendur geta valið sömu skólana (með undantekningunni að Iðnskóli Hafnarfjarðar var sameinaður Tækniskólanum) sem og að skólaplássin eru álíka mörg frá ári til árs. Einnig sést að nemendahópurinn er líðlega 100 nemendum fjölmennari árið 2021 en var 2014 sem og að árið 2021 þurfti að handraða töluvert herra hlutfalli nemenda en 2014, þótt það sé enn mjög líttill hópur nemenda.

Á Mynd 2 sést hvernig val nemenda dreifðist á skólana.

Mynd 2

Dreifing umsókna 2014¹




Mynd 2 sýnir fjölda umsókna til framhaldsskólanna á landsvísu (raðað eftir fyrsta vali) og endurspeglar ólíkar aðstæður skóla, hvað varðar samkeppnisstöðu, sem aftur endurspeglar staðsetningu þeirra og stærð. Út frá heildarfjölda umsókna eru átta Reykjavíkurskólar með flestar umsóknir alls. Fjórir Reykjavíkurskólar eru með stærstu hópana af nemendum sem sækja um þá sem fyrsta val en eru svo með færri umsóknir í öðru vali. Samkvæmt innritunarreglum þá á skóli að raða báðum valhópunum saman í einn lista. Þegar skólarnir sem fá flestar umsóknir gera það eru yfirleitt það margir með þá sem fyrsta val að þeir þurfa ekki að taka nemendur sem hafa valið þá sem annað val. Eins og sjá má á myndinni fá sumir skólar stóran hóp í fyrsta val en lítinn hóp í annað val. Þó er athyglisvert að staðan er á hinn veginn í Fjölbrautaskólanum við Ármúla (FÁ) en mun fleiri nemendur sækja um hann í öðru vali en sem fyrsta val. Þá má benda á að meðal efstu 15 skólanna (frá hægri) eru fimm landsbyggðarskólar en meðal þeirra 19 neðri (frá vinstri) eru fimm skólar af Stór-Reykjavíkursvæðinu. Fjórir skólar eru með flestar umsóknir, eða samtals 1393 sem fyrsta val, en það þarf 22 skóla neðan frá talið til að ná sama fjölda. Fjölda umsókna er með öðrum orðum mjög misskipt milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Að auki ber að hafa í huga að bekkjarkerfisskólarnir (Menntaskólinn í Reykjavík, Verslunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Sund, Kvennaskólinn, Menntaskólinn að Laugarvatni og Menntaskólinn á Akureyri) taka eingöngu inn nýja nemendur að hausti en ekki nemendur um áramót, og taka jafnan aðeins inn nýnema. Myndin endurspeglar með öðrum orðum aðstöðumun skólanna. Fjórir stærstu skólarnir eru allir í Reykjavík og taka liðlega 30% af nemendum á landsvísu inn á fyrsta ár (sjá Mynd 3 og Mynd 4).

Hér fyrir neðan má sjá kökurit sem er skipt í þrjá flokka, 11 skólar í hverjum. Mynd 3 sýnir umsóknafjöldann 2014 og Mynd 4 árið 2021.

¹ Sjá má lista yfir skólana í viðauka 1


Mynd 3

Skipting umsókna 2014



Mynd 4

Skipting umsókna 2021



Af Mynd 3 og Mynd 4 má ráða að þó svo vinsældir skólanna sveiflist eitthvað milli ára, þá eru hlutföll umsókna nokkuð stöðug yfir lengri tíma. Þeir 11 neðstu í töflunni fara úr að vera með sex prósent umsókna haustið 2014 í fimm prósent haustið 2021. Miðhópurinn breytist þannig að hlutföldin fer úr 28% í 22%. Skólarnir ellefu (12 haustið 2021) sem eru að taka inn stærstu hópana fóru úr því að taka inn 66% nemendanna í að taka við 73%. Þetta gerist hugsanlega vegna fjölda valmöguleika en líklega er það máttur stærðar skólanna og þar með valkostir í námi og þjónustu (svo ekki sé talað um félagslífið) sem þarna ræður mestu.

Samantekt – umsóknir um alla framhaldsskólana

Það sem sýnt er fram á hér fyrir ofan er annars vegar að umsóknarkerfið sem notað er virðist svara þeim fjölda umsókna sem á það er lagt ansi vel, fyrst nær allir nemendur (95%) fá þá annan hvorn skólann sem þeir óska sér og stór meirihluti fær þann skóla sem þeir sækja um sem fyrsta val. Hins vegar má líka sjá augljósan mismun í samkeppnisástandum milli skólanna. Vissir vel þekktir skólar eru síðan sterk vörumerki og standa það vel að þeir geta bæði sett inntökuskilyrði eins og einkunnamörk fyrir innritun og svo valið nánast einungis fyrsta vals umsækjendur inn í skólann. Þetta þýðir bæði að þeir hafi meiri líkur á að safna að sér nemendum sem mun ganga vel í námi (í ljósi árangurs þeirra í grunnskóla) sem viðheldur aftur styrk vörumerkisins. Því má segja að þeir geti valið sér nemendur

frekar en að nemendur velji sér þessa skóla. Á hinum endanum sjáum við skóla á landsbyggðinni, skóla á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur og skóla með veikari vörumerki. Þessir skólar fá til sín mun færri umsóknir, en að vissu leyti kann það að útskýrast af því að þeir hafi færri pláss að bjóða. Þeir fá oftast til sín nemendur sem sótt hafa um aðra skóla í fyrsta vali og eru því að vissu leyti eins konar öryggisnet. Í samanburði við skólana sem geta valið sér nemendur má einnig segja að þessir skólar þurfi að taka þá nemendur sem þeim bjóðast en það þýðir oft mun fjölbreyttari nemendahóp en ella. Margir þessara skóla hafa þess vegna gert það að stefnu sinni að veita öllum nemendum þann stuðning sem þarf og hægt er að veita, ekki aðeins þeim sem eru með bestar einkunnir úr grunnskóla. Þessar tölur gefa ekki færi á að draga ályktanir um heildarnemendahópana sem skólarnir taka inn þar sem þær fjalla um umsóknar- og innritunargögn. Því viljum við kafa dýpra í tölur frá einum framhaldsskóla hér á eftir og skoða nemendahópinn betur.

Umsækjendur um Flensborgarskóla – einkunnir og valkostir

Hér á eftir verða innritunargögn um umsækjendur Flensborgarskólans skoðuð og er upplýsingunum skipt í tvennt; umsóknir nemenda sem voru með Flensborg sem fyrsta val og þær sem höfðu Flensborg sem annað val. Hver umsækjandi fékk tilviljanakennt númer en persónugreinanlegar upplýsingar (kennitala, nafn, heimilisfang og fleira) höfðu verið fjarlægðar. Unnir voru listar, einn fyrir hvorn hóp, upp úr gögnunum sem fólu í sér eftirfarandi upplýsingar:

Val einstakra nemenda á skóla sem fyrsta val og námsbrautir A og B.

Val einstakra nemenda á skóla sem annað val og námsbrautir A og B.

Nafn skóla sem tók við hverjum nemanda, Flensborg eða aðrir.

Grunnskólaeinkunnir í íslensku og stærðfræði.

Kyn viðkomandi nemanda.

Í *Töflu 2* má sjá meðaleinkunnir grunnskólanemenda sem sóttu um skólavist í Flensborg vorið 2020, alls 365 að tölu. Notaður er umreiknistuðull Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem áður var sýndur:

Tafla 2

Meðaleinkunnir umsækjenda í Flensborg vorið 2020

	Íslenska	Stærðfræði	Fjöldi umsækjenda
Allir 2020	2,85	2,8	365
Umsækjendur fyrsta val	2,76	2,64	181
Umsækjendur annað val	2,93	2,88	184

Ef allur hópurinn er skoðaður þá eru meðaleinkunnir jafnháar í bæði íslensku og stærðfræði, 2,8. Þegar litið er á meðaleinkunnir þeirra sem voru með Flensborg sem fyrsta val þá eru meðaleinkunnir hópsins lægri í stærðfræði en í íslensku. Þar með kemur varla á óvart að meðaleinkunnir þeirra sem setja Flensborg sem annað val eru hærri en meðaltal allra og mun hærri en meðaltal þeirra sem sækja um Flensborg sem fyrsta val. Algennt var að þeir sem voru með Flensborg sem annað val hefðu sótt um skóla sem getur valið nemendur inn eftir einkunnum sem fyrsta val.

Af *Töflu 2* má ráða að hópurinn sem sækir um Flensborg sem fyrsta val er með lægri meðaleinkunnir en þeir sem sóttu um Flensborg sem annað val. Má ætla að þessi seinni hópur vilji fara í aðra skóla, en Flensborg var fyrir langflest ásættanlegur valkostur ef fyrri kostur myndi bregðast, þó dæmi séu um

annað (Guðrún Helga Ástríðardóttir, 2017). Af *Töflu 2* má því ráða að hópurinn sem setur Flensborg sem annað val hafi í raun og veru hug á að fara í aðra skóla en noti Flensborg sem öryggisnet. Það má líka benda á að nemendur sem sóttu um Flensborg voru með einkunnir frá A til D, sem og stjórnumerktar einkunnir. Það þýðir að Flensborg fái umsóknir frá allri breidd nemenda, bæði þeim sem ná góðum árangri og háum einkunnum í grunnskóla, sem og nemendum sem gengur verr og reikna má með að hópurinn með lægstu einkunnirnar þurfi námsaðstoð.

Ef teknir eru þeir skólar sem áttu flestar umsóknir í pottinum kemur í ljós ýmislegt athugunarvert í tölunum. Til að byrja með þá greinist hópurinn vel niður þegar reiknuð eru meðaltöl einkunna eftir skólum og kynjum.

Tafla 3

Meðaleinkunnir grunnskólanemenda sem sóttu um í Flensborg vorið 2020

Skóli	Piltar ísl/stæ	Stúlkur ísl/stæ	Allir ísl/stæ	Fjöldi
Verslunarskólinn	3,85	3,84	3,85	17
Kvennaskólinn	3,38	3,5	3,48	13
MR	3,44	3,29	3,35	5
FG	3,03	3,14	3,1	22
Flensborg	2,98	2,97	2,98	187
MH	3,13	2,92	2,97	5
Allir	2,6	2,83	2,7	365
MK	2,5	2,75	2,55	5
Tækniskólinn	2,29	1,29	2,22	40
FS	1,77	1,77	1,56	12


Í *Töflu 3* sést einkunnarnunurinn milli hópanna eftir skólum og kynjum. Þetta eru skólar sem fengu fimm eða fleiri umsóknir þar sem Flensborg var nefnd sem fyrsta eða annað val. *Töflunni* er raðað eftir meðaltali allra eða fjórða dálki. Hér má til dæmis sjá að nemendur sem settu Verslunarskóla Íslands sem fyrsta val en Flensborg sem annað val, voru alls 17 að tölu. Neðstu þrjár línurnar sýna hóp umsækjenda sem sækja einnig um Flensborg sem fyrsta eða annað val, 57 talsins, sem fá meðaleinkunnir á bilinu 1,29 til 2,75. (D til C+). Það sem einnig vekur athygli er að kynjamunur í einkunnum er ekki mikill. Þá má einnig skoða að í Flensborg sækja fleiri piltar um en stúlkur. Þeir eru 56% umsækjenda á móti 44% stúlkna.

Umsækjendur um Flensborg – dreifing á skóla með hliðsjón af einkunnum

Í innritunargögnum Flensborgarskóla frá vorinu 2020 var einnig unnt að sjá í hvaða skóla nemendur höfnuðu að lokum (*Mynd 5*). Einnig var unnt að sjá einkunnadreifingu þeirra sem höfðu Flensborg sem annað val en fengu inni í skólanum sem þeir settu sem fyrsta val (*Mynd 6*).

Mynd 5


Umsækjendur með Flensburg sem fyrsta og annað val og dreifing á innritun skóla vorið 2020



Á Mynd 5 má sjá ákveðinn kynjamun. Eins og sjá má þá sækja drengirnir langflestir um Flensburg sem fyrsta val en dreifa sér raunar á níu skóla á heildina. Mun minni hópur stúlkna sækir um Flensburg sem fyrsta val. Þegar annað valið er skoðað þá dreifist stúlknaþópurinn á níu framhaldsskóla en piltarnir á tvo. Erfitt er að skýra þetta en vera má að drengirnir sækji til dæmis frekar í íþrótaafrekssvið Flensborgarskólans en stúlkurnar sækji frekar í stóru framhaldsskólana í borginni og fari þaðan beint í háskóla að námi loknu.

Mynd 6

Einkunnadreifing þeirra sem höfðu Flensburg sem annað val en fengu inni í skólanum sem þeir settu sem fyrsta val, vorið 2020



Mynd 6 sýnir einkunnadreifingu þeirra sem settu Flensburg sem annað val og er ráðað eftir þeim skólum sem tóku við þeim. Eins og sjá má er neðsti skólinn á myndinni eingöngu að taka nemendur með A og B+ en sá sem er efstur í myndinni tekur nemendur með B, C+ og stjörnumerka einkunn. Stjörnumerkti hópurinn er um 40% af umsækjendahópnum í þeim skóla. Myndin er enn eitt dæmi þess að skólarnir taka inn mjög ólíka nemendahópa sem er merki um mismunandi stöðu í samkeppninni um nemendur. Þeir fjórir skólar sem taka inn hæstar einkunnir eru allt bóknámsskólar en þeir þrír sem taka inn lægstu meðaltölin eru fjölbrautaskólar.

Af þessu má ráða að nemendur velja sér framhaldsskóla út frá grunnskólacinkunnum, alltént í Flensburg. Einnig má álykta að skólarnir taki inn (og jafnvel snúi sér til) ólíka markhópa. Þá má búast við að skólar sem taka inn fjölbreyttari nemendahópa bjóði upp á öflugra stuðningskerfi, og mögulega sveigjanlegra og þjónustumiðaðra en býðst í vinsælustu skólunum.

Samantekt og ályktanir

Markmið rannsóknarinnar var að kanna afleiðingar upptöku markaðsfyrirkomulags á skólavali fyrir nýnema í framhaldsskólum. Rannsóknarspurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hver hafa áhrif markaðsvæðingar innritunarferlisins verið?
2. Hvaða munur kemur fram milli nemendahópa og milli skóla í umsóknarferli við innritun í framhaldsskóla?
3. Hvernig má skilja niðurstöðurnar í ljósi hugmynda um félagslegt réttlæti og inngildingun?

Áhrif markaðsvæðingar á innritunarferlið

Velta má fyrir sér hvort innleiðingin af skólavali skipti einhverju máli. Um 85% umsækjenda fá inni í skóla sem býður þeim fyrsta val. Einfaldasta svarið er að nemendur virðast velja sér skóla út frá (raunhæfum) væntingum. Þetta gerist væntanlega út frá hugmyndum um einhvers konar röðun (e. ranking) milli skólanna. Sú röðun er ekki opinber en virðist fylgja orðstír og aldri skólanna. Það má skilja með aðstoð Ball og Vincent (1998) sem benda á að orðstír skóla sé oft mikilvægari fyrir val nemenda en t.d. tölur um árangur skólanna við að mennta nemendur sína. Svarið greinist þó í nokkra þætti. Einn þeirra er vísbendingin um að nemendur velji skóla af fyrirhyggju. Þeir sem sækja í einhvern vinsælustu skólanna sem fyrsta val tryggja sig með því að hafa ásættanlegan skóla sem annað val. Nú eru liðin meira en 20 ár síðan þetta kerfi var tekið upp. Það er ekki óumdeilt en athyglisvert er að þrátt fyrir ábendingar hafa ekki átt sér stað neinar alvarlegar samræður um áhrif þess og gæði, þó rætt hafi verið um framkvæmd þess. Það er því þess virði að skoða hvernig nemendur hafa aðlagð sig að því, með þeim afleiðingum að nær allir umsækjendur fá skólapláss þar sem sótt er um. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar má ljóst vera að nemendur séu meðvitaðir um hvernig eigi að velja fremur en þeir láti kylfu ráða kasti. Loks ber að muna að þó nemandinn hafi fengið það sem hann valdi þá er ekki víst að það hafi verið það sem hann helst vildi.

Hver hafa áhrif markaðsvæðingar umsóknarferlisins þá verið? Fyrir það fyrsta getum við sagt að hið opinbera hafi fært (einkavætt) ábyrgðina á menntun á framhaldsskólastigi yfir á skólana og yfir á nemendurna með skólavalskerfinu. Við getum líka séð að kerfið minnkar ekki aðskilnað milli nemendahópa eða milli skóla. Einnig má sjá að skólarnir standa mjög misjafnt í samkeppninni um nemendur þar sem sumir skólar geta valið sér nemendur og bæði viðhaldið og styrkt stöðu sína á markaðnum meðan aðrir skólar þurfa að leggja meiri úrræði í stoðkerfi kringum þá nemendur sem þeir fá. Áhrif markaðsvæðingarinnar eru með öðrum orðum ekki fólgin í einkavæðingu þar sem stofnanir eru færðar í einkarekstur heldur frekar í skilningnum að menntun sé álitin vara eða þjónusta sem valin sé (keypt) á markaði.

Hvernig geta þessar niðurstöður styrkt umræðu um innritunarferlið? Ef borin eru saman kerfið þar sem skólar höfðu ákveðna skyldu gagnvart nágrenni sínu og skólavalskerfið má varpa því fram hvort sé t.d. réttlátara að beina nemendum í ákveðna skóla, eða að setja upp valfrjálst kerfi og loka fyrir aðgang nemenda að vissum hluta skólanna með einkunnum og fjöldatakmörkunum.

Munur milli nemendahópa og skóla

Önnur rannsóknarspurning okkar var hvaða munur kæmi fram milli nemendahópa og milli skóla í umsóknarferlinu í framhaldsskóla. Þessari spurningu verður ekki svarað á annan hátt en að vísbendingar séu um að nemendur með háar einkunnir og búsettir á Stór-Reykjavíkursvæðinu hagnist fyrst og fremst á kerfinu sem og ákveðnir skólar með mjög sterk vörumerki. Það stangast á við þá hugmynd að svona kerfi eigi að vera til þess að jafna tækifæri hárra sem lágra, en ekki til þess að draga fólk í dilka og þannig í sjálfu sér leggja niður alla hugsun um skóla fyrir alla. Kerfið, inntak innritunar og skipulag skóla byggir á einhvers konar hugmynd um að eitt kerfi eigi að henta öllum. Umsækjendur um skóla, sérlega bekkjarskóla, eru líklegir til að sækjast eftir fastari ramma heldur en áfangakerfið veitir og einkunnadrjúgi hópurinn styrkir stöðu sína gagnvart þeim sem höllum fæti standa. Hér gildir einu hvort talað er um stærð skóla, staðsetningu eða nemendasamsetningu. Eftir því sem margbreytileiki nemenda einstakra skóla eykst þarf að auka námsaðstoð og ráðgjöf. Það er því ekki rétt að bera saman skólana án þess að taka tillit til nemendasamsetningar, svo aðeins eitt sé nefnt, enda gríðarlegur munur á þjónustu sem hægt er að veita og félagslífi sem hægt er að halda uppi í 100 til 200 nemenda skóla miðað við skóla með 700 nemendur eða fleiri. Það er einnig fágætt að vinsælu skólarnir séu með starfsbrautir, úrræði fyrir flóttamenn eða annað fólk af erlendum uppruna.

Félagslegt réttlæti og inngilding

Að lokum spurðum við hvernig skilja megi niðurstöðurnar í ljósi hugmynda um félagslegt réttlæti og inngilding. Markaðsvæðingin hefur haft augljós áhrif á félagslegt réttlæti ef litið er til erlendra rannsókna og hún hefur frekar ýtt undir einsleitni en fjölbreytileika. Fyrir fáum árum breyttist síðasti hreinræktaði verknámsskólinn í framhaldsskóla með blöndu verknáms og bóknáms, þ.e. Iðnskóli Hafnarfjarðar, sem sameinaðist Tækniskólanum (áður Iðnskólanum í Reykjavík).

Það má einnig benda á hvaða áhrif stóru skólarnir hafa á innritun. Í fyrsta lagi soga þeir til sín „bestu nemendurnar“, nemendur með háar einkunnir, meðan meirihluti nemenda fer í aðra skóla.

Flokkar má nemendur sem hér segir:

- Nemendur með háar einkunnir og enga námserfiðleika.
- Nemendur með lágar einkunnir en enga námserfiðleika.
- Nemendur með lágar einkunnir og búa við námserfiðleika.
- Nemendur með háar einkunnir sem búa við námserfiðleika.

Það er vel þekkt erlendis að vinsælir skólar horfa helst á fyrstu og aðra línuna því þeim fylgir ekki aukakostnaður (Gunnlaugur Magnússon, 2015, 2018, 2019; Labaree, 1999, 2006). Sama virðist geta gerst hér, það er að úrvalshópur fari í valda skóla, en allir hinir, sama hvert getustig þeirra er, fara í þá skóla sem út af standa. Það er engin ástæða til að ætla annað um íslenska skóla þegar litið er á dreifingu einkunna milli skóla. Inntökustefna þeirra vísar hluta hópsins í aðra skóla, gjarnan skóla í heimabyggð eða hverfinu. Nemendur hafa, opinberlega, frjálst val um valkosti. Hins vegar þurfum við að viðurkenna að það eru takmarkanir á þessum valkostum, eins og hér hefur komið fram.

Háar einkunnir tryggja auk þess ekki sæti í vinsælum skóla. Þeir vinsælli taka einvörðungu nemendur sem eru á lista sem fyrsta val. Öflugir nemendur sem ekki fengu inni í vinsælustu skólunum sem þeir sóttu um sem fyrsta val, hafa átt það til að upplifa höfnun eða félagslegt áfall (Guðrún Helga Ástríðardóttir, 2017) þó svo að samkvæmt reglum hafi þeir fengið það sem þeir báðu um.

Það var mjög líklega tilgangur markaðsvæðingarinnar að losa um svæðaskiptinguna til að nemendur með háar einkunnir gætu safnast í „góða“ skóla, s.s. Kvennaskólann, VÍ, MR, MH og MA. Í mörgum tilfellum liggur vegur heilu ættboganna í gegnum þessa skóla. Þeir hafa markaðssett sig sem skóla sem taka inn öflugum nemendum og án hverfabindingar. Markaðsvæðingin hefur tæplega haft áhrif á skólastarf að öðru leyti en því að flokkar nemendur eftir námsgetu inn í nokkra skóla og láta svo aðra skóla sjá um hina.

Lokaorð

Þegar þetta er ritað er orðið fjölbreytileiki lykilorð í samfélaginu og notað sem þýðing á enska hugtakinu diversity. Hingað koma flóttamenn, hælisleitendur og innflytjendur í atvinnuleit. Lítið er svo á að mikilvægt sé að styðja fólk með námserfiðleika, fólk með fatlanir, svo ekki sé talað um fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum. Frá árinu 1996 hafa stjórnvöld á Íslandi haft þá stefnu að skólinn eigi að vera fyrir alla, og menntun að standa til boða fyrir alla. (Menntamálaráðuneytið, 1995). Ákall heyrir um innviði til að laga samfélagið að auknum fjölbreytileika og sett hafa verið lög um farsæld barna (“Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021,”). Ákallið er einfalt. Með því að samþykkja fjölbreytileika og margbreytileika gengur betur að ganga í takt við samtímann.

Hér hefur innritunarkerfi framhaldsskólanna verið lýst eins og kostur er. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að frjálsa valið henti einungis hluta nemendahópsins. Nemendur virðast velja út frá eigin hyggjuviti eða annarra sem þeir treysta, með hliðsjón af einkunnum sínum, þann skóla sem þeir telja sig eiga möguleika á að komast í. Svo er að sjá að kerfið sé samkvæmt því hannað fyrir öflugna nemendur. Meginniðurstaðan er því sú að markaðsvæðing skólavals og innritunar nýnema í íslenska framhaldsskóla með því að gera landið að einum námsmarkaði sé ekki í samræmi við stefnuna um skóla fyrir alla, þ.e. að skólarnir aðlagi sig að þörfum nemenda, en ekki öfugt, og því ekki í anda jafnréttis og félagslegs réttlætis.

Marketisation of enrolment of students in Icelandic upper-secondary schools. The consequences of making a single market of school choice

This article discusses the results of a decision taken by the Icelandic government in 1998. The decision was that upper-secondary education should become “a single educational market” in the whole country. In doing so, a policy that required upper secondary schools to primarily enrol pupils from particular catchment areas was abandoned. The purpose of the change was to enable presumptive students to choose any school, whether they lived in the geographical vicinity of the school or not. This policy was also believed to decrease drop-out rates, increase pupil engagement in learning, and improve teaching as students would be admitted based on grades from elementary school. The research data used are statistical registry data from government authorities (INNA) as well enrolment data from one upper-secondary school (Flensburg), located in a municipality close to the capital city of Reykjavík. Using a critical policy perspective on education policy and theoretical concepts about the marketization of education systems, the study frames the above-mentioned reform as an example of market rationality in education, following the logic of decentralisation, privatisation (in a broad sense) and the introduction of school choice as a tool to improve education. Three overarching aims guided the study: to investigate the impact of this marketisation of the admission process, to examine what differences there are between student groups and schools in the application process and, finally, how the results can be understood in light of ideas of social justice.

The results show that a certain group of upper-secondary schools holds a strong position in the upper-secondary school market, their brands being particularly strong, leading to them receiving a large proportion of applications from strong students with high grades. This fact means that they can enrol many students with high grades and fewer with poor grades, which, in turn, strengthens the schools’ competitive position. At the same time, other schools are in a poorer competitive position and generally enrol a larger proportion of students with lower grades and often with more complex needs for educational support. This means that the competition in the Icelandic upper-secondary education market is not only between schools trying to attract students to receive resources but also between students for enrolment into the most popular schools. In some cases, this competition leads to students strategically choosing upper-secondary schools to be enrolled in rather

than choosing the schools they prefer. The authors conclude that the responsibility for the education of secondary school students has been partially privatised to the students' choices, that the competitive ideology of ranking schools according to quality makes some schools "winners" and others "losers", as well as that the competitive position of the schools is not necessarily in the context of the service provided. Also, although the government can say that a large part of students (95%) get either their first or second choice, there are many indications that students choose schools strategically based on the possibilities of enrolment. The consequences can be seen as concerning in light of prior research on educational marketisation and social justice. As the enrolment system reinforces hierarchies within the education market, it also reinforces power relations between different societal groups of gender, class and ethnicity. If public schooling is an ideal that aims for equity among students and in terms of the quality of educational services provided to students, this development should be of concern to educators and policymakers alike.

Keywords: upper-secondary schools, marketisation, school choice, social justice, decentralisation

Um höfunda

Magnús Þorkelsson (maggithorkelsson@gmail.com) starfaði sem kennari í háskóla, grunn- og framhaldsskóla frá 1981 til 2021. Hann sinnti störfum í yfirstjórn tveggja framhaldsskóla, sem kennslustjóri MS frá 1990–1998 og sem aðstoðarskólameistari og skólameistari Flensborgarskólans frá 1998 þar til hann lét af störfum 2021. Hann leiddi umræðuna um heilsueflandi framhaldsskóla og byggði hugmyndir um núvítund og jákvæða menntun inn í námskrá Flensborgarskólans. Auk þess að vera fyrrverandi skólameistari þá er hann doktorsnemi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Gunnlaugur Magnússon (gunnlaugur.magnusson@edu.uu.se) er dósent í uppeldisfræðum við Háskólann í Uppsölum í Svíþjóð. Hann kláraði kennaranám frá Háskólanum á Akureyri (B.Ed.) 2002, meistaránám í alþjóðlegum samanburðarfræðum menntakerfa frá Háskólanum í Stokkhólmi 2004 og lauk doktorsprófi í kennslufræðum frá Háskólanum í Mälardalen 2015. Gunnlaugur hefur hlotið rannsóknarstöður við Háskólann í Mälardalen (2015–2018), Háskólann í Uppsölum (2020–2021) og Háskólann í Osló (2021–2023) og hefur skrifað fjölda vísinda- og blaðagreina, sem og bókarkafla, um menntaumbætur og menntastefnur.

About the authors

Magnús Þorkelsson (maggithorkelsson@gmail.com) worked as a teacher in university, primary and secondary schools from 1981 to 2021. He was a part of the senior management of two upper-secondary schools, as head of teaching at MS from 1990–1998 and in Flensburg as deputy headmaster and headmaster from 1998 until his retirement in 2021. He led the debate on health-promoting upper-secondary schools and built ideas about mindfulness and positive education into the Flensburg curriculum. In addition to being a former schoolmaster, he is a doctoral student at the University of Iceland's Faculty of Education.

Gunnlaugur Magnússon (gunnlaugur.magnusson@edu.uu.se) is an Associate Professor of Education at Uppsala University in Sweden. He completed his teacher education from the University of Akureyri (B.Ed.) in 2002, a Master's degree in international and comparative education from the University of Stockholm in 2004, and a Doctorate in Education from Mälardalen University in 2015. Gunnlaugur has held research positions at the University of Mälardalen (2015–2018), University of Uppsala (2020–2021) and University of Oslo (2021–2023) and has written several articles and book chapters on education reform, education policies and education politics.

Viðauki. Listi yfir skóla sem bjóða upp á nám til stúdentsprófs

<i>Skóli</i>	<i>Starfsbraut?</i>
Borgarholtsskóli	Starfsbraut
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Starfsbraut
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Starfsbraut
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Starfsbraut
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Starfsbraut
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Starfsbraut
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Starfsbraut
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Starfsbraut
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Starfsbraut
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Starfsbraut
Framhaldsskólinn á Húsavík	Starfsbraut
Framhaldsskólinn á Laugum	
Framhaldsskólinn í Austur - Skaftafellssýslu	Starfsbraut
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Starfsbraut
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Starfsbraut
Kvennaskólinn í Reykjavík	Starfsbraut
Menntaskóli Borgarfjarðar	Starfsbraut
Menntaskóli í tónlist	
Menntaskólinn að Laugarvatni	
Menntaskólinn á Akureyri	
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Starfsbraut
Menntaskólinn á Ísafirði	Starfsbraut
Menntaskólinn á Tröllaskaga	
Menntaskólinn í Kópavogi	
Menntaskólinn í Reykjavík	Starfsbraut
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Starfsbraut
Menntaskólinn við Sund	
Tækniskólinn	Starfsbraut
Verkmenntaskóli Austurlands	Starfsbraut
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Starfsbraut

Heimildaskrá

- Apple, M. W. (2004). *Ideology and curriculum*. Routledge.
- Ásgerður Bergsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2018). Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla: Nám til stúdentsprófs í 20 ár frá sjónarhóli framhaldsskólakennara og -stjórnenda. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.12>
- Ball, S. J. (1990). *Politics and policy making in education: Explorations in policy sociology*. Routledge.
- Ball, S. J. (1993). Education markets, choice and social class: The market as a class strategy in the UK and the USA. *British Journal of Sociology of Education*, 14(1), 3–19. <https://doi.org/10.1080/0142569930140101>
- Ball, S. J. (2009). Privatising education, privatising education policy, privatising educational research: Network governance and the competition state. *Journal of Education Policy*, 24(1), 89–99. <https://doi.org/10.1080/02680930802419474>
- Ball, S. J. (2012). *Global education inc. New policy networks and the neo-liberal imaginary*. Routledge.
- Ball, S. J. og Vincent, C. (1998). 'I heard it on the Grapevine': 'Hot' knowledge and school choice. *British Journal of Sociology of Education*, 19(3), 377–400. <https://doi.org/10.1080/0142569980190307>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Barnasáttmálinn*. <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/barnasattmali>
- Berglind Rós Magnúsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir og Kolbeinn Stefánsson. (2020). Dreifing efnahags- og menntunarauðs meðal foreldra í skólahverfum höfuðborgarsvæðisins 1997–2016. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 285–308. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.10>
- Blossing, U., Imsen, G. og Moos, L. (2014). Nordic schools in a time of change. Í U. Blossing, G. Imsen og L. Moos (ritstjórar), *The Nordic education model: A school for all' encounters neo-liberal policy* (bls. 1–16). Springer.
- Bray, M. (1999). Control of education: Issues and tensions in centralization and decentralization. Í R. F. Arnove og C. A. Torres (ritstjórar), *Comparative education: The dialectic of the global and the local* (bls. 204–227). Rowman og Littlefield.
- Daun, H. (1996). *National forces, globalization and educational restructuring*. Institute of International Education.
- Daun, H. (2007). How does educational decentralization work and what has it achieved? Í H. Daun, (ritstjóri), *School decentralization in the context of globalizing governance: International comparison of grassroots responses* (bls. 27–54). Springer.
- Denessen, E., Driessena, G. og Slegers, P. (2005). Segregation by choice? A study of group-specific reasons for school choice. *Journal of Education Policy*, 20(3), 347–368. <https://doi.org/10.1080/02680930500108981>
- Dovemark, M., Kosunen, S., Kauko, J., Berglind Rós Magnúsdóttir, Hansen, P. og Rasmussen, P. (2018). Deregulation, privatisation and marketisation of Nordic comprehensive education: Social changes reflected in schooling. *Education Inquiry*, 9(1), 122–141. <https://doi.org/10.1080/20004508.2018.1429768>
- Englund, T. og Bergh, A. (2020). Higher education as and for public good: Past, present and possible futures. Í t.d.. Solbrenke og C. Sugrue (ritstjórar), *Leading higher education as and for public good* (bls. 37–52). Routledge.
- Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. (2018). *Evidence of the link between inclusive education and social inclusion: Final summary report*. <https://www.european-agency.org/resources/publications/evidence-link-between-inclusive-education-and-social-inclusion-final-summary>
- Evrópuráðið. (e.d.). *The Council of Europe at a glance*. <https://www.coe.int/en/web/portal/the-council-of-europe-at-a-glance>
- Fjellman, A.-M., Yang Hansen, K. og Beach, D. (2019). School choice and implications for equity: The new political geography of the Swedish upper secondary school market. *Educational Review*, 71(4), 518–539. <https://doi.org/10.1080/00131911.2018.1457009>
- Frumvarp til laga um framhaldsskóla. Þingskjal nr. 268/2007.
- Guðrún Helga Ástríðardóttir. (2017). „Það var ekkert plan B, þetta var bara það sem ég var að fara að gera!“ *Upplifun og reynsla ungmenna af höfnun á fyrsta vali á framhaldsskóla* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/26624>
- Gunnlaugur Magnússon. (2015). *Traditions and challenges: Special support in Swedish independent compulsory schools* [doktorsritgerð, háskólinn í Mälardalen]. DiVA. <https://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:mdh:diva-28823>

- Gunnlaugur Magnússon. (2020). Inclusive education and school choice lessons from Sweden. *European Journal of Special Needs Education*, 35(1), 25–39. <https://doi.org/10.1080/08856257.2019.1603601>
- Henig, J. R. (1994). *Rethinking school choice: Limits of the market metaphor*. Princeton University Press.
- Jón Þór Stefánsson. (2019). *Þetta eru vinsælustu framhaldsskólarnir – Sjáðu töfluna*. DV. <https://www.dv.is/frettir/2019/06/20/thetta-eru-vinsaelustu-framhaldskolarnir-sjadu-toflunna/>
- Kolbeinn H. Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2022). *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum*. Velferðarvaktin. <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/Sk%c3%bds%20-%20brotthvarf%20%20%20framhaldssk%20%20%20lum%2024.01.2022.pdf>
- Kornhall, P. og Bender, G. (2018). *Ett söndrat land: Skolval och segregation i Sverige*. Arena Idé.
- Labaree, D. F. (1999). The chronic failure of curriculum reform. *Editorial Projects in Education*, 18(36), 42–44. <https://www.edweek.org/teaching-learning/opinion-the-chronic-failure-of-curriculum-reform/1999/05>
- Labaree, D. F. (2006). *Education, markets, and the public good: The selected works of David F. Labaree*. Routledge.
- Labaree, D. F. (2010). *Someone has to fail: The zero-sum game of public schooling*. Harvard University Press.
- Levin, H. M. (2001). Studying privatization in education. Í H. M. Levin (ritstjóri), *Privatizing education: Can the marketplace deliver choice, efficiency, equity, and social cohesion?* (bls. 3–19). Westview Press.
- Lindblad, S. og Popkewitz, T. (2004). Education restructuring: Governance in the narratives of progress and denials. Í S. Lindblad og T. Popkewitz (ritstjórar), *Educational restructuring: International perspectives on traveling policies* (bls. 69–94). Information Age Publishing.
- Lubienski, C. (2009). *Do quasi-markets foster innovation in education? A comparative perspective*. OECD education working papers no. 25. OECD Publishing. <https://doi.org/10.1787/221583463325>
- Lundahl, L. (2010). Sweden: Decentralization, deregulation, quasi-markets – and then what? *Journal of Education Policy*, 17(6), 687–697. <https://doi.org/10.1080/0268093022000032328>
- Lundahl, L., Erixon Arreman, I., Holm, A.-S. og Lundström, U. (2013). Educational marketization: The Swedish way. *Education Inquiry*, 4(3), 497–517. <https://doi.org/10.3402/edui.v4i3.22620>
- Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988.
- Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Magnús Þorkelsson. (2012). Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. <https://netla.hi.is/serrit/2011/menntakvika2011/alm/006.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (1995). *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir*. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/1995/12/01/Salamanca-yfirlýsingin-og-rammaaetlun-um-adgerdir-vegna-nemenda-med-sertharfir/>
- Menntamálaráðuneytið. (1998). *Enn betri skóli: Þeirra réttur – okkar skylda*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/ennbetr2.pdf>
- Menntamálaráðuneytið. (2001). *Vegna innritunar nemenda í framhaldsskóla fyrir skólaárið 2001–2002*.
- Menntamálastofnun. (e.d.). *Hæfnieinkunn 10. bekkur*. <https://mms.is/haefnieinkunn>
- Menntamálastofnun. (2018). *PISA - könnunin*. <https://mms.is/pisa-konnunin>
- Menntamálastofnun. (2020a, 19. febrúar). [Bréf til forráðamanna vegna innritunar 2020]. https://mms.is/sites/mms.is/files/innritun_2020_foreldrabref_islenska.pdf
- Menntamálastofnun. (2020b). *Innritun í framhaldsskóla lokið*. <https://mms.is/frettir/innritun-i-framhaldsskola-lokid>
- Menntamálastofnun. (2021). *Innritunartölfræði 2021*. <https://mms.is/innritunartolfraedi-haust-2021>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023). *Ný þjónustustofnun á sviði menntamála til umsagnar í Samráðsgátt*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/02/24/Ny-thjonustustofnun-a-svidi-menntamala-til-umsagnar-i-Samradsgatt>

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011*.
- Niesche, R. (2016). What use is Foucault in education today? *Journal of Educational Administration and History*, 48(1), 113–118. <https://doi.org/10.1080/00220620.2015.1034575>
- Nordin, A. (2014). Centralisering i en tid av decentralisering: Om den motsägelsefulla styrningen av skolan. *Utbildning og Demokrati*, 23(2), 27–44. <https://doi.org/10.48059/uod.v23i2.1016>
- OECD. (e.d.). *The OECD guidelines and human rights*. <https://www.oecdwatch.org/oecd-ncps/the-oecd-guidelines-for-mnes/what-is-in-the-oecd-guidelines/the-oecd-guidelines-and-human-rights/>
- OECD. (2017). *School choice and school vouchers: An OECD perspective*. <https://www.oecd.org/education/School-choice-and-school-vouchers-an-OECD-perspective.pdf>
- OECD. (2023). *PISA 2022 results (volume I): The state of learning and equity in education*. <https://doi.org/10.1787/53f23881-en>
- Plank, D. og Sykes, G. (2003). Why school choice? Í D. Plank og G. Sykes (ritstjórar), *Choosing choice: School choice in international perspective* (bls. vii–xxi). Teachers College Press.
- Rizvi, F. (2000). Theorizing the global convergence of educational restructuring. Í S. Lindblad og T. Popkewitz (ritstjórar), *Educational restructuring: International perspectives on traveling policies* (bls. 21–41). Information Age Publishing.
- Sahlberg, P. (2016). The global educational reform movement and its impact on schooling. Í K. Mundy, A. Green, B. Lingard og A. Verger (ritstjórar), *The handbook of global education policy* (bls. 128–144). Wiley.
- Schraad-Tischler, D. (2011). *Social justice in the OECD – How do the member states compare? Sustainable governance indicators 2011*. Bertelsmann Stiftung.
- Sikkink, D. og Emerson, M. O. (2008). School choice and racial segregation in US schools: The role of parents' education. *Ethnic and Racial Studies*, 31(2), 267–293. <https://doi.org/10.1080/01419870701337650>
- Steiner-Khamsi, G. (2004). *The global politics of educational borrowing and lending*. Teachers College Press.
- Tomlinson, S. (2012). *Ignorant jobs? Low attainers in a global knowledge economy*. Routledge.
- United Nations. (e.d.). Global issues: Human rights. <https://www.un.org/en/global-issues/human-rights>
- Waldow, F. (2009). Undeclared imports: Silent borrowing in educational policy-making and research in Sweden. *Comparative Education*, 45(4), 477–494. <https://doi.org/10.1080/03050060903391628>
- Whitty, G., Power, S. og Halpin, D. (1998). *Devolution og choice in education: The school, the state and the market*. Open University Press.



Magnús Þorkelsson og Gunnlaugur Magnússon (2024).

Að eiga frjálst val um framhaldsskóla: Markaðsvæðing innritunar nýnema í íslenskum framhaldsskólum

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2024 – Framhaldsskólinn - Menntastefna og félagslegt réttlæti.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2024/framhaldskolinn_menntastefna_felagslegt_rettlæti/02.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.2>